

Ed. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932. um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Í stað setningarinnar: „Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur“ í 1. mgr. 14. gr., komi: „Má í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur.“

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi að ósk landlæknis, er telur óhjákvæmilegt að breyta dagsektarheimildinni í 14. gr. laganna vegna breyttra viðhorfa.

Að öðru leyti sýnist frumvarpið ekki þurfa frekari skýringa.